

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## ELKEM ÍSLAND

Dagsetning	1. desember 2011	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason og Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Starfsleyfi, gildir til	1. september 2025
Heimilisfang	Grunddartanga, 301 Akranes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640675-0209	Fulltrúar fyrirtækis	Gestur Pétursson
Isat nr.	24.10.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	64°21,444`N, 21°47,138`W
Starfsemi	Framleiðsla á járnblendi		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu en þrjár athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins þar sem farið var yfir skil á gögnum samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi, almennt um rekstur fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu.

Í síðustu eftirlitsskýrslu komu fram tvö frávik frá starfsleyfi og tvær athugasemdir. Annað frávik var of mikið magn svifagna í frárennsli miðað við mörk í starfsleyfi, mælt magn var 65 mg/l en mörk í starfsleyfi eru 50 mg/l. Síðan þessar mælingar voru gerðar hafa verið gerðar enn frekari umbætur til að draga úr styrk svifagna og til að mæla árangur þeirra umbóta var ákveðið að gera aðrar mælingar um svipað leyti og eftirlitið fór fram en þá var snjór yfir allri lóð fyrirtækisins svo ákveðið var að bíða með mælingar þar til snjóinn leysti þar sem snjóinn hindrar yfirborðsrennsli í niðurföll. Seinna frávik var skil á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar sem farið er fram á í gr. 1.5 í starfsleyfi. Áætluninni var skilað í eftirlitinu.

Fyrri athugasemdin var tilmæli eftirlitsaðila um að upplýsa almenning um reykslepp þegar þau eiga sér stað og útskýra ástæður og eðli óhappsins. Elkem er að skoða hvernig heppilegast er að útfæra slíka upplýsingagjöf sem kæmi þá til viðbótar við þá opinberu upplýsingagjöf sem er til staðar af hálfu fyrirtækisins. Þess má geta að öll gögn er viðkoma reyksleppum eru til staðar hjá fyrirtækinu þar sem símæling er á öllum lokum sem opnast þegar reykslepp eiga sér stað og eru mælingarnar gerðar á einnar sekúndu fresti. Seinni athugasemdin var sú að ekki hefðu borist mælingar á frárennsli á árinu 2011 en það reyndist ekki rétt og var sú athugasemd dregin til baka í eftirlitinu.

Að fundi loknum var farið í eftirlit í verksmiðjuna og að hluta utandyra en líta var að sjá vegna snjóa. Þó var hægt að kanna hvernig staðið er að flokkun úrgangs frá fyrirtækinu en Elkem er að koma sér upp flokkunarstöð í samvinnu við Gámaþjónustuna. Vel var staðið að flokkunarmálum hjá fyrirtækinu.

Þá var farið inn í verksmiðjuna þar sem ofnarnir og útbúnaður þeim tengdur var kannað ásamt steypubúnaði, vatnskælingu og niðurföllum. Að lokum var farið í stjórnstöð ofnanna.

## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

**Athugasemd:** Gera þarf frárennslismælingar eins fljótt og hægt er eða þegar snjóa leysir.

### Önnur atriði:

Elkem hefur verið með í gangi verkefni sem snýr að því að fá ISO vottun og er stefnt að því að því verkefni ljúki 15. maí n.k.

Reykjavík, dd/12/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason

Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.